

Grunnskólinn á Ísafirði
Veturinn 2016-2017

Bekkjarnámskrá

3. bekkjar



Bekkjarnámskrá 3. bekkjar

Umsjónarkennarar: Arna Sæmundsdóttir og Árný Herbertsdóttir

Stuðningskennari: Agnes Karlsdóttir

Námstillhögun og kennsluaðstæður: Í 3. bekk eru 40 nemendur sem er skipt upp í tvo bekki. Þeir eru í stofum 102 og 104.

Kennt er eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi. Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði, tengdir inn í ferlið. Gengið er út frá því að börn þurfi að fá lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnnar hugsunar.

Undir Byrjendalæsi samþættum við íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, tónmennt, trúarbragðarfræði og verður námsmat í samræmi við það.

Námsmat: Einkunnir gefnar í bókstöfum, A, B, C og D. Símat yfir veturinn og einkunnarspjöld afhent að vori.

LESTUR:

Markmið: Stefnt er að því að allir nemendur verði læsir og geti lesið sér til gagns og ánægju. Áhersla verður lögð á góðan og skýran framburð jafnt í upplestri sem í tali. Nemendur flytja texta fyrir áheyrendur. Nemendur eru hvattir til að temja sér bóklestur og gera hann að sjálfsögðum hluta daglegs lífs. Stefnt er að því að nemendur hafi náð a.m.k. 180 atkvæðum í hraða að vori.

Námsefni: Lestrarbækur, vinnubækur og verkefni, ýmist að eigin vali eða valdar af kennurum, ásamt ýmsu efni útbúnu af kennurum.

Heimavinna: Nemendur eiga að lesa upphátt heima daglega a.m.k. 5 sinnum í viku.

Námsmat: Hraðlestrarpróf allt að 6 sinnum yfir veturinn, gildir 40%. Lesskilningspróf í janúar og maí, gildir 40% af lokaekunn.

RITUN OG SKRIFT:

Markmið: Nemendur dragi rétt til stafs og geri sér grein fyrir réttum hlutföllum stafa í skrift. Nemendur þjálfist í að skrifa margs konar texta frá eigin brjósti eða eftir heimildum. Nemendur noti stóra og litla stafi á viðeigandi hátt og hafi bil á milli orða. Nemendur leggi sig fram um að stafsetja rétt. Nemendur læri tengiskrift.

Námse./ viðfangse.: Unnið er samkvæmt námstillhögun í Byrjendalæsi, þar sem unnið er með texta og viðfangsefni á margvíslegan hátt. Nemendur skrifa sögur og frásagnir af ýmsum toga. Auk þess eru notaðar bækurnar *Ritrún 2 og 3*, *Lesrún*, *Ítaliuskript 3a og b* og *Skrift 3 og o. fl.* Unnið er með vísur, ljóð, upplestur og söng.

Námsmat: Skriftarpróf á hvorri önn, gildir 20%.

STÆRÐFRÆÐI:

Markmið: Unnið verður áfram með undirstöðuatriði stærðfræðinnar, hugtök og tákni. Nemendur ná auknum tókum á samlagningu, frádrætti og margföldun. Ýmis atriði kynnt, t.d. deiling, mælingar, rúmfræði o.fl. Nemendur geti fundið ólíkar leiðir við lausn verkefna, skráð niðurstöður og rætt um stærðfræðileg efni.

Námsefni: *Sproti 3A og 3B (Nemendabók og Æfingahefti), Húrraheftin 3a og b. Í Pals félagahjálfun og ítarefni.*

Námsmat: Kaflapróf eftir hvern kafla sem gilda 40% af lokaeinkunn. Próf um miðjar annir og svo í lok hvorrar annar, gildir 60%.

SAMFÉLAGSFRÆÐI:

Markmið: Nemendur læra að nota margskonar kort og kynnast örnefnum og merkjum stöðum í heimabyggð. Þeir kynnast víkingatímabilinu og nokkrum landnámsmönnum. Nemendur kynnist betur gagnsemi og afurðum íslensku húsdýranna.

Námsefni/viðfangsefni: Stuðst verður við ýmsar handbækur s.s. *Sögu Ísafjarðar, Kortabókin og Landnámsmennina okkar. Komdu og skoðu landnámið, Litlu landnemarnir og Í sveitinni með Æsu og Gauta.*

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Náttúrufræði

Markmið: Að nemendur geri sér grein fyrir áhrifum vatns og vinda. Uppbygging jarðarinnar og áhrif eldstöðva. Fjallað um sólina og áhrif tunglsins á sjávarföll og reikistjörnur og himingeiminn. Gerðar verða ýmsar tilraunir.

Námsefni: *Komdu og skoðu himingeiminn, Komdu og skoðu hringrásir og Vísindabækur Villa og annað ítarefni.*

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Textílmennt

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir.

Markmið: Að nemendur geti nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir og nýti sér form og liti í eigin sköpun. Að nemendur læri húsgangsfít og garðaprjón.

Efni: Notað er ýmis konar efni, t.d. garn, efni, perlur, pappír, o.fl.

Námstillöggun: Kennsla fer fram í textílmenntarstofu. Hringekja sem er skipt upp í 2 hópa alls. Hver hópur 2 kennslustundir á viku hálfan vetur.

Námsmat: Lykilhæfni sem samanstendur af verklegri vinnu s.s. vinnubókum og öðrum verkefnum (símati) frá kennara samkvæmt námsmati GÍ

Myndmennt:

Kennari: Kristín Berglind Oddsdóttir.

Markmið: Nemendur tjái og skapi verk sem tengjast þeim sjálfum og þeirra reynsluheimi og einnig framkalli myndheim sagna t.d. ævintýra, goðsagna og þjóðsagna. Læri að vinna með frumlitina og upplifa fjölbreytileika litatónana.

Læri að þekkja einfalda myndbyggingu (forgrunnur, bakgrunnur og miðrými)

Nemendur kynnist ýmsum listformum og listamönnum.

Námstilhögun: Kennt í bekkjarstofu 2 kennslustundir og myndmenntastofu 2 kennslustundir. Hringekju er skipt upp í 4 hópa og fær hver hópur 4 kennslustudnir í viku í 9 vikur.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Upplýsingatækni

Kennari: Arna Sæmundsdóttir og Elín Þóra

Markmið: Nemendur tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar og þekki helstu hluta hennar. Nemendur fái undirstöðupjálfun í upplýsingavinnslu og þjálfun í að nota rétta fingrasetningu. Nemendur kynnist vinnu með word .

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Tæknimennt

Kennari: Arna Sæmundsdóttir

Markmið: Að nemandinn læri margs konar vinnubrögð, hagkvæma vinnustellingu og rétta notkun verkfæra.

Námstilhögun: Kennd er notkun algengustu handverkfæra til smíða.

Vandvirknirofur eru gerðar miðað við þroska nemenda og reynt að örva vinnugleði þeirra.

Hringekja sem er skipt upp í 2 hópa alls.

Hringekju er skipt upp í 4 hópa og fær hver hópur 4 kennslustudnir í viku í 9 vikur.

Námsmat: Lykilhæfni og einkunn fyrir fullunnin verk.

Tónmennt

Umsjónakennarar sjá um tónmennt.

Markmið: Að þjálfá söngrodd, tóneyra og taktskyn nemenda. Að stækka tónlistarheim þeirra með hlustun á vandaða og fjölbreytta tónlist. Samsöngur reglulega.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Dans

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.

Markmið: Að nemendur:

efla hreyfigetu.

læra grunnspor í samkvæmisdönsum (Samba, Jive, Enskur Vals)

öðlast góða samhæfingu handa og fóta.
þekki mun á hægri, vinstri, hæll,tá, fram og aftur.
hlusta á mismunandi tónlist, hraða og hæga.
vita hvernig dans eigi að dansa við hvaða tónlist, hvar og á hvaða slætti eigi að byrja.
þekkjja og nýta sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum og bera virðingu hvert fyrir öðru.
öðlast aukna félagslega færni og aukið sjálfstraust.
læri sköpun

Námsgögn: Geisladiskar, dvd diskar, myndbönd og you tube

Námsmat: Samkvæmt nýju markmiði GÍ

Íþróttir

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Markmið: Að stuðla að almennum hreyfiþroska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.

Námstilhögun: Hver nemandi fær tvo íþróttatíma á viku og einn sundtíma. Kennslan fer fram í Íþróttahúsinu við Austurveg.

Námsmat: Lykilhæfni er gefin í samræmi við námsferil vetrarins. Mæting, framkoma og virkni hafa einnig áhrif á námsmat.

Heimilisfræði

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Markmið:

- Að nemendur:
- þjálfist í samvinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum
 - þjálfist í notkun eldhúsáhalda og leikni í heimilissörfum
 - auki skilning sinn á tengslum hollustu og heilbrigðis
 - tileinki sér þekkingu á nauðsyn hreinlætis
 - kynnist umhverfisvitund (sjálfbærni), fræðist um góða umgengni, flokkun og endurnýtingu.
 - tileinki sér jákvæð samskipti við borðhald og fræðist um íslenskan, þjóðlegan mat

Námstilhögun: Hringekja sem er skipt upp í 4 hópa alls. Hver hópur fær 4 kennslustundir á viku fjórðung vetrar.

Námsefni: Kennslubók í heimilisfræði Hollt og gott 2.

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið – yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

Útivist

Kennarar: Árni Ívar Heiðarsson og Arna Sæmundsdóttir.

Markmið: Að auka hreyfingu nemenda úti í fersku lofti.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Lífsleikni

Kennari: Umsjónakennarar sjá um lífsleikniskennslu.

Markmið: Að vinna gegn einelti og efla félagsþroska nemenda.
Að nemendur læri gildi sjálfsábyrgðar í leik og starfi
Að nemendur þjálfist í framkomu og hæfni til að umgangast vini og félagi.
Að nemendur geti unnið með öðrum og sett sig í spor þeirra.
Að nemendur læri um gildi þess að ganga vel um náttúruna og allt sitt daglega umhverfi.
Að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum.

Námsefni: Uppbyggingarstefnan. Farið verður í ýmsar samskipta-, sögur, leiki og spil og ýmislegt sem þjálfar nemendur í að koma vel fram við aðra. Markmiðsblöð sem nemendur skila að hausti skoðaðir og athugað hvernig gengur að fylgja eftir markmiðum sínum. Ýmsar barnabækur. Unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Félagslíf

Nemendur 3. bekkjar taka þátt í hefðbundnu félagslífi skólans, skv. skóladagatali. Bekkjarskemmtun verður tvisvar í vetur, sú fyrri fyrir áramót og sú seinni eftir áramót. Þær eru haldnar á skólatíma. Árgangurinn er í vinabekkjartengslum við 10. bekk og stefnum á að hittast a.m.k. tvisvar sinnum yfir veturinn.

Foreldrasamstarf

Umsjónarkennarar leggja mikla áherslu á gott samstarf við foreldra. Foreldraviðtöl með nemendum verða þrisvar í vetur, í upphafi skóla (nemendur setja sér markmið fyrir veturinn), nóvember og febrúar. Oftast er hægt að ná tali af kennurum utan kennslustunda, með tölvupósti eða að hringja í skólann. arnyh@isafjordur.is og arna@isafjordur.is.

Á það skal lögð áhersla að foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann, hvort heldur er á skemmtanir eða í heimsókn á venjulegum skóladegi.

Bekkjjarfulltrúar vetrarins eru Þórdís Sif Sigurðardóttir og ?. Þeir annast ýmsar uppákomur með börnunum og foreldrum þeirra, virkja aðra foreldra í hópnum til starfa og tengja foreldrahópinn við skólann.

